

Grófhreyfiþroski fyrstu tvö æviárin hjá fyrirburum á Íslandi

Höfundar:

Þjóðbjörg Guðjónsdóttir, Lektor

Kristín Leifsdóttir, sérfræðingur í nýburalæknalækningum

Helga Bogadóttir, sjúkraþjálfari

Steinunn Unnsteinsdóttir, sjúkraþjálfari

Edda Þorvaldsdóttir MSc nemi í sjúkraþjálfun

Hildur Björk Adolfsdóttir MSc. nemi í sjúkraþjálfun

Markmið: Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hreyfiþroska fyrirbura fyrstu tvö æviárin og bera saman við viðmiðunargildi jafnaldra sem og niðurstöður sambærilegra erlendra rannsókna. Einnig verða áhrif ýmissa heilsufars- og umhverfisþátta á hreyfiþroska barnanna metin. Að lokum er ætlunin að skoða hvaða greiningar fyrirburar fengu sem fæddust fyrir 32 vikna meðgöngu og var vísað er til Ráðgjafar- og Greiningarstöðvar (RGS) og hvaða þjónustu þeir fengu.

Aðferðir: Rannsóknin er afturskyggn ferilrannsókn. Upplýsingar um börn sem fæddust fyrir tímamann verða fengnar úr Sögu sjúkraskrárkerfi Barnaspítala Hringingsins. Þar eru upplýsingar um börn sem fæddust fyrir tímamann og hafa verið í reglubundnu eftirliti á spítalanum.

Unnið verður með kyn, hve mikið fyrir tímamann hvert barn fæddist, niðurstöður fyrir hvert barn úr Alberta Infant Motor Scale (AIMS) (4, 8 og 12 mánaða mælingar); niðurstöður úr hreyfiþroskahluta Bayley þroskaprófsins (12 og 24 mánaða). Leitast verður við að svara því hvort að íslenskir fyrirburar sýni seinkun í hreyfiþroska annars vegar og hins vegar hvort að heilsufars- og umhverfisþættir hafi áhrif á hreyfiþroska þessara barna.

Þættirnir eru upplýsingar aldur móður við fæðingu og heilsufar (s.s. sýkingu), upplýsingar um hvort börnin voru í sjúkraþjálfun. Þá verða fengnar upplýsingar hvort börnin fengu heilsufarskvilla sem fyrirburar eru í áhættu fyrir. Þeir eru:

Fjöldi daga í öndunarvél

Sýking hjá nýburanum

Langvinnur lungnasjúkdómur eða berkju- og lungnarangvöxtur (e. bronchopulmonary dysplasia (BPD))

Blæðingar í heilahólf (e. intraventricular hemorrhage (IVH)) og þá af hvaða gráðu blæðingin var. Eingöngu fengnar verða upplýsingar um hvort börn fengu blæðingar af gráðu 3 og 4.

Skemmd í hvíta efni heila (e. cystic periventricular leukomalacia (PVL)).

Vísindalegt gildi: Engin íslensk rannsókn hefur verið gerð þar sem fyrirburum er fylgt eftir og þróun á hreyfiþroska þeirra er skoðuð.

Einnig vantar samantekt um þá fyrirbura sem greinast með fatlanir þ.e um þjónustu og eftirfylgni með þeim.